



Félag ábyrgra feðra

Stofnað 10. september 1997. Sími 891-8644. Pósthólf 706, 121 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2002.

Nefndasvið Alþingis

Allsherjarnefnd

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

**Efni: Breytingatillögur við Þskj. 181 – 180. mál á 128.  
löggj.þingi 2002 – 2003. Frv. dómsmrh til barnalaga**

Félag ábyrgra feðra starfrækir neyðarlínu og þangað hringja á fimmta hundrað feðra árlega. Yfir 90% af hringingum fjalla um eftirfarandi tvö atriði;

1. Samningar um umgengni við börnin eru brotnir af forsjárforeldrinu.
2. Lágmarksungengi forsjárlausra foreldra (feðra) við börnin er ekki fyrir hendi vegna tálmunar forsjárforeldrisins.

Við teljum að umrætt frumvarp dómsmálaráðherra að ýmsu leyti jákvætt. Þó teljum við að það taki ekki tillit til ofangreindra atriða og óskum því eftir neðangreindum breytingum á frumvarpinu.

1. Í 48. gr. falli eftirfarandi málsgrein niður: „Áfallnar dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum.“

Hér á landi er því miður allt of mikið um að forsjárforeldrar tálmi umgengni barns og hins forsjárlausra foreldris. Slíkt veldur barninu skaða og hlýtur að flokkast undir andlegt ofbeldi gagnvart því. Þess vegna telur Félag ábyrgra feðra nauðsynlegt að hafa til staðar úrræði til að þvinga forsjárforeldra til að tryggja eðlilega umgengni barns og hins foreldrisins. Dagsektir eru eitt slíkt úrræði. Þótt tekið sé fram í 3. mgr. 48. gr. að „umgengni hafi farið þrisvar fram undir eftirliti fulltrúa barnaverndarnefndar“ telur félagið fulla þörf á dagsektarákvæðinu því tálmun er mynstur í mörgum tilvikum og ekki ástæða til að taka af forsjárlausra foreldrinu möguleika til að halda sambandi við barn sitt



eða börn. Því vill Félag ábyrgra feðra að dagsektir séu alvöru úrræði og falli ekki niður, enda tilgangslítið að gera fjárnám fyrir dagsektum sem sjálfkrafa falla niður (sbr. 49. gr).

- 2. Í 46. gr. skal bæta við eftirfarandi setningu sem 1. mgr.: „Umgengni barns við foreidra sína skal vera sem jöfnust en þó aldrei minni en 118 dagar á ári hjá því foreldri sem ekki hefur forsjána.“**

Lágmarksumgengni er hér ákveðin 118 dagar en það er niðurstaðan af svokölluðum helgarpabbapakka, þar sem barnið er hjá forsjárlausa foreldrinu aðra hverja helgi, einn dag þess á milli, 30 daga að sumri og til skiptis eina viku í senn um stórhátíðir. Samtals 118 dagar að meðaltali yfir árið. Við teljum að binda eigi þennan lágmarksrétt í lög en ekki hafa hann í valdi sýslumanna. Bendum við jafnframt á að ýmsar skyldur feðra (forsjárlausra foreldra), eins og barnameðlag, eru vandlega skilgreindar í frumvarpinu.

- 3. Í 31. gr. skal 2. mgr. hljóða svo: „Forsjá skal ávallt vera sameiginleg nema sérstakar aðstæður hindri. Skal barn vera hjá báðum foreldrum á víxl.“**

Rökstuðningur félagsins fyrir þessum breytingum er sá að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er skýrt mælt með því að foreldrar sinni sameiginlega uppeldi barna. Það er almennt viðurkennt að traust samband barns og foreldra er ein besta aðferðin til að tryggja barninu sem mestan þroska. Þess vegna teljum við sameiginlega forsjá og sem jafnasta umgengni við báða foreldra langbesta kostinn fyrir alla aðila.

Með ósk um jákvæð viðbrögð

---

Garðar Baldvinsson  
formaður Félags ábyrgra feðra  
<http://www.abygirfedur.is>